

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026, Hörgárdalsvegur 815, Blöndulína 3, verslunar- og þjónustusvæði Lónsbakka, Hörgársveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. júní 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 frá 2. febrúar 2009.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- a. Hliðrun línustæðis Blöndulínu 3 innan sveitarfélagsins. Hliðrunin er sjáanleg á uppdrætti í mælikvarða aðalskipulagsins frá Miðlandi að Krossastaðagili yfir Moldhaugaháls og suður Kræklingahlíð að sveitarfélagamörkum við Akureyri.
- b. Hliðrun tengivegarins Hörgárdalsvegur nr. 815 á um 3,8 km kafla frá Hólkoti og suður fyrir Skriðu.
- c. Stækkun verslunar- og þjónustusvæðis V1 á Lónsbakka - uppgæfin stærð helst þó óbreytt eða 1 ha. Óbyggt svæði minnkar að sama skapi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 15. júní 2011.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*